

**AUGLÝSING****um hækkun smásöluverðs á raforku  
Orkubús Vestfjarða.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 6% hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða nr. 340 22. september 1978 frá og með 15. febrúar 1979.

Hitataxtar hækki til samræmis við hækkun oliuverðs.  
Heimtaugagjöld hækki um 25%.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1979.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Jafet S. Ólafsson.*

Nr. 81.

12. febrúar 1979.

**GJALDSKRÁ****Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

**Gildir frá 15. febrúar 1979.**

**1. gr.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

**2. gr.**

**Lýsing.**

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 29.89 kr./kW h.

2.2 127.019 kr./kW a í uppsettu aflri til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

**3. gr.**

**Heimili o. fl.**

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 22.89 kr./kW h. Lágmarksgjald er 1 145.00 kr. á ársfjórðungi.

**4. gr.**

**Vélar.**

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1. 29.89 kr./kW h.

4.2. 6.38 kr./kW h og 20.243.00 kr./kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.